



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 40/2018

## Sölu- og afhendingarbann á „NOVA bolta“ hjá NOVA

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Neytendastofu barst ábending um að Nova hefði í kynningarskyni afhent og gefið bolta sem merktir voru „NOVA – stærsti skemmtistaður í heimi“ (sjá mynd í viðauka). Ábendingar lutu að því að leikfangið væri ekki CE-merkt og gæti reynst börnum hættulegt þar sem saumar boltans hefðu rifnað og innihald boltans orðið aðgengilegt börnum.

Þann 15. ágúst 2018 fór fulltrúi Neytendastofu á starfsstöð NOVA í Kringlunni og aflaði sýnishorna af boltunum. Við skoðun kom í ljós að boltinn var ekki CE-merktur, sbr. reglugerð nr. 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

##### 2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. ágúst 2018, til NOVA var óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum um vöruna og hvort varan væri framleidd í samræmi við gildandi staðla. Stofnunin fór því næst fram á afrit af samræmisýfirlýsingu, afrit af prófunarskýrslum og öðrum tæknilegum gögnum sem fylgdu vörunni. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um merkingar vörunnar svo og notkunarleiðbeiningar hennar.

Þann 28. ágúst 2018 barst stofnuninni tölvupóstur frá Bros ehf. þar sem kom fram að Bros hafi selt NOVA boltana. Í tölvupóstinum barst einnig prófunarskýrsla. Nánari skoðun á prófunarskýrslunni leiddi í ljós að skýrslan vísaði til vöru sem var ekki samskonar að útliti og boltinn sem NOVA markaðssetti. Með tölvupósti Neytendastofu, dags. 31. ágúst 2018, var Bros greint frá því að boltarnir frá NOVA hafi ekki verið eins og boltinn á prófunarskýrslunni. Þá hafi Neytendastofa fengið þrjú eintök af boltum hjá NOVA og saumar þeirra væru lausir og því léki hætta á því að boltarnir rifnuðu. Þá kom fram að þar sem Neytendastofu hafi ekki borist fullnægjandi gögn lægi fyrir að Neytendastofa myndi taka ákvörðun um að stöðva alla afhendingu á boltunum.



### 3.

Þann 31. ágúst 2018 lagði Neytendastofa sölu- og afhendingarbann á NOVA boltana með vísan til 1. máls. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Í bréfinu var tekið fram að framleiðandi vöru bæri ábyrgð á því að EB-samræmisyfirlýsing og önnur viðeigandi tækniskjöl s.s. öryggismat, prófunarskýrslur og gerðarprófunarvottorð hefðu verið gerð fyrir vöruna í samræmi við lög og reglur sem giltu um öryggi vöru. Framleiðendum og dreifingaraðilum beri að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 944/2014 um öryggi leikfanga, sbr. og reglugerð nr. 957/2006, um aðferðaeiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE- samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samþæfingu. Þess var krafist af hálfu Neytendastofu að NOVA legði fram slíkar upplýsingar. Sama dag barst Neytendastofu tölvupóstur frá markaðsfulltrúa NOVA um að boltarnir hefði verið teknir úr verslunum um leið og erindi Neytendastofu barst.

Í tölvupósti frá Bros, dags. 31. ágúst 2018, sagði að NOVA hefði hætt dreifingu á boltunum um leið og athugasemd Neytendastofu hafi borist. Þá hefði birginn boðist til að gera prófunarskýrslu fyrir boltana og hefði það verið samþykkt af hálfu Bros.

Neytendastofa ítrekaði kröfu um nánari gögn með tölvupósti þann 10. september 2018. Sama dag barst tölvupóstur frá Bros, þar sem kom fram að 10 daga tæki að fá nýja pappíra. Yrðu gögnin send til Neytendastofu um leið og þau væru tilbúin. Var Bros þá tjáð af hálfu Neytendastofu, með tölvupósti, að þau gögn sem um ræddi ættu að vera til staðar þegar að boltarnir væru framleiddir og yrðu ekki búin til eftir að varan væri framleidd. Þar að auki hafi allar merkingar vantað og boltarnir rifnað auðveldlega. Einnig hafi þurft að koma fram á prófunarskýrslu hvaða efni sé í boltanum og hvað væri notað í fyllinguna því auðvelt væri fyrir börn að setja innihald boltans upp í sig.

Samkvæmt tölvupósti Bros, dags. 11. september 2018, voru útbúnir nýir pappíra þar sem Neytendastofa hafi ekki tekið fyrri pappíra gilda. Bros myndi gæta þess að senda gögn um leið og þau bærust.

### 4.

Með tölvupósti þann 10. október 2018 barst Neytendastofu prófunarskýrsla, dags. 9. október, vegna boltanna. Neytendastofa sendi tölvupóst, dags. 15. október 2018, þar sem kom fram að það vantaði í prófunarskýrslunni hvert innihald boltanna væri. Neytendastofa hafi fengið ábendingar og eintak af bolta sem hafi rifnað þannig að innihald hans hafi lekið út auk þess sem plastpoki með plastinu í hafi orðið aðgengilegur. Slíkt gæti valdið köfnunarhættu fyrir börn yngri en þriggja ára. Þá séu engar merkingar á boltanum, aðrar en merkingar NOVA. Óskaði Neytendastofa eftir skýringum á framangreindum atriðum í kjölfarið. Með því að merkja boltann með nafni NOVA, sé fyrirtækið orðið framleiðandi vörunnar og beri ábyrgð á því ef slys verði á vörunni.



Í tölvupósti, dags. 22. október 2018, greindi Bros frá því að hafa verið í samskiptum við birgjann. Samkvæmt upplýsingum frá birgjanum væri prófunarskýrslan einnig fyrir innihaldi boltanna. Þá hafi boltarnir framleiddir af verksmiðju í Kína sem sérhæfi sig í framleiðslu á Hacky Sacks boltum. Einnig hafi birginn selt vörur frá sama framleiðanda til Evrópu og hafi engin vandkvæði verið á því. Auk þess hafi varan aldrei verið CE-merkt eða merkt með lógói sem sýni að varan sé ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára. Með svari Neytendastofu, þann sama dag, var Bros veittar leiðbeiningar um hvaða kröfur leikföng þyrftu að uppfylla til markaðssetningar.

Í tölvupósti, dags. 23. október 2018, beindi Bros þeirri spurningu til Neytendastofu hvort þeim væri heimilt að markaðssetja vöruna, ef þeim yrði pakkað í poka með CE-merki og merki sem sýni að þeir séu ekki ætlaðir börnum undir 3 ára aldri. Í framhaldi var Bros upplýst um að það væri ekki nægilegt til að tryggja samræmi vörunnar að pakka henni inn í poka og líma CE-merkið á. Í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit kemur skýrt fram að allar vörur skuli vera öruggar neytendum og eftir atvikum í samræmi við sérreglur og staðla sem um vöruna gilda.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar öryggi leikfanga sem flutt voru inn af Bros auglýsingavörum og afhent í kynningarskyni fyrir NOVA. Neytendastofu bárust ábendingar um að saumar boltanna rifnuðu auðveldlega. Við nánari skoðun reyndust boltarnir ekki CE-merktir og á þá vantaði merkingar. Auk þess reyndust litlar kúlur aðgengilegar og plastpoki inni í boltunum aðgengilegur við það að saumarnir rifnuðu. Í fyrstu barst Neytendastofu prófunarskýrsla vegna annarra bolta. Þann 10. október barst Neytendastofu svo prófunarskýrsla vegna boltanna, sem nánar verður vikið að síðar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.”*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig*



*hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk. “*

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er framleiðandi sá einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir leikfang eða lætur framleiða eða hanna leikfang og markaðssetur leikfangið undir sínu nafni eða vörumerki.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur framleiðanda en framleiðendur mega aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. Áður en að leikfang er sett á markað skal framleiðandi, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

- „1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,*
- 2. greina hættu sem getur stafað af leikfanginu með tilliti til iðefna, efnislegra og krafrænna eiginleika, rafmagns, eldfimi, hollustuhátta og geislavirkni, ásamt mati á hugsanlegum váhrifum slíkrar hættu,*



3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisyfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,
4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,
5. tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun og eiginleikum leikfangs og breytinga á samhæfðum stöðlum sem EB-samræmisyfirlýsingin miðast við,
6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað tákni sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,
7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,
8. tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,
9. tryggja að leikfang beri viðvörðunarkerkingar skv. 10. gr.

Í 2. - 4. mgr. 3. gr. segir ennfremur svo um skyldur framleiðanda:

*„Framleiðandi skal, þegar það á við, framkvæma úrtaksprófun á leikföngum á markaði, vegna áhættu sem stafar af leikfangi og til að vernda heilsu og öryggi neytenda, rannsaka það og, ef þörf krefur, halda skrá yfir kvartanir, leikföng sem uppfylla ekki kröfur og innköllun leikfanga og veita dreifingaradílum upplýsingar um slíkt eftirlit.*

*Framleiðandi sem telur eða hefur ástæðu til að ætla að leikfang sem hann hefur sett á markað sé ekki í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins skal tafarlaust gera ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru fyrir sam-ræmi leikfangsins við viðkomandi öryggiskröfur, taka það af markaði eða innkalla, ef við á. Ef hætta stafar af leikfanginu skal framleiðandi enn fremur tilkynna Neytendastofu það tafarlaust að leikfangið hafi verið boðið fram á markaði hér á landi.*

*Framleiðandi skal á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Neytendastofu, afhenda stofnuninni allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi leikfangsins. Upplýsingarnar og skjölin skulu vera á íslensku eða, með heimild Neytendastofu, á öðru tungumáli Evrópska efnahagssvæðisins. Framleiðandi skal hafa samvinnu við Neytendastofu, að beiðni hennar, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af leikföngum, sem hann hefur sett á markað.“*



Í III. kafla reglugerðar nr. 944/2014 er auk þess að finna ítarleg og samsvarandi ákvæði um ábyrgð og skyldur innflytjanda og dreifingaraðila á leikföngum sem markaðssett eru hér á landi og á EES-svæðinu.

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl.

Framleiðanda leikfangs ber að útbúa tæknigögn skv. 19. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Í 19. gr. reglugerðarinnar segir að með tæknigögnum sé átt við öll viðeigandi gögn eða upplýsingar um aðferðir sem framleiðandinn notaði til að tryggja að leikfangið eða leikföngin sem hann setur á markað séu í samræmi við grunnkröfur um öryggi. Tæknigögn teljast þó að lágmarki þau gögn og upplýsingar sem fram koma í IV. viðauka reglugerðarinnar, en þar er m.a. vísað til gagna um ítarlega lýsingu á hönnun og framleiðslu leikfangsins, öryggismats framleiðanda og ganga þar sem samræmismatsaðferð er lýst. Í framangreindum viðauka er einnig vísað til EB-samræmisýfirlýsingar, heimilisfanga á framleiðslu- og geymslustöðum og prófunarskýrslna. Framleiðendum, innflytjendum og dreifingaraðilum ber skylda til að hafa tæknigögn til reiðu að rökstuddri beiðni Neytendastofu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr., 10. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Þá er mælt fyrir um viðvörunarmerkingar í 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að viðvörunarmerkingar skulu vera á íslensku. Þá er einnig kveðið á um í ákvæðinu að viðvörunarmerking skuli vera vel sýnileg, auðlæsileg, skiljanleg og nákvæm, þar sem rita skuli á undan henni „Viðvörun“ eða „Varúð“. Þar segir einnig að viðvörunarmerkingarnar skuli jafnframt vera á leikfanginu á áfestum merkimiða eða á umbúðum leikfangsins og, þar sem við á, á notkunarleiðbeiningum sem fylgja leikfanginu. Í B-hluta V. viðauka reglugerðarinnar er einnig mælt fyrir um merkingar leikfanga sem ekki eru ætluð til notkunar af börnum yngri en 36 mánaða.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum *ÍST EN 71-1:2014: Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænar og efnislegir eiginleikar* er að finna nánar ákvæði um merkingar og viðvaranir á leikföngum. Í sjöunda kafla staðalsins er kveðið á um viðvaranir vegna leikfanga sem ekki eru ætluð börnum undir þriggja ára. Þar segir að koma þurfi fram ef varan er ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára. Þá segir enn fremur að taka þurfi fram ef að leikfangið getur t.d. valdið köfnunar- eða hengingarhættu, t.d. með áletruninni „Viðvörun. Smáir hlutir. köfnunarhætta“. Ef notuð er mynd sem segir til um það að varan sé ekki ætluð börnum yngri en þriggja ára á hringurinn að vera rauður, á hvítum bakgrunni með



svörtum texta og myndmerkið með svörtum útlínunum. Þá kemur einnig fram í kafla A33 í nefndum staðli að nafn framleiðanda og heimilisfang þurfi að koma fram á leikfanginu eða, ef því verður ekki við komið, á pakkingu þessa eða í leiðbeiningum sem fylgja leikfanginu, sbr. og 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

### 3.

Mál þetta varðar bolta sem fluttir voru inn af Bros fyrir NOVA og merktir NOVA og markaðssettir sem kynningarvara á vegum fyrirtækisins. Boltarnir eru ekki CE-merktir og voru því ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru til leikfanga sem boðin eru fram á markaði, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014. NOVA telst skv. gildandi reglum vera framleiðandi boltanna.

Prófunarskýrsla með tilvísunarnúmer SHAH01012922 var lögð fram vegna boltanna þann 9. október 2018, en áður hafði verið lögð fram prófunarskýrsla vegna bolta sem ekki voru þeir sömu og Neytendastofa óskaði eftir upplýsingum um. Samkvæmt prófunarskýrslunni var ekki að sjá að leikfangið hafi verið prófað fyrir börn undir þriggja ára aldri. Varan ætti því að vera merkt fyrir börn, þriggja ára og eldri auk þess sem á þeim var ekki að finna lýsingu á þeirri sérstöku hættu sem svo ungum börnum gæti stafað af leik þeirra, skv. 10. gr., sbr. B-hluta, V. viðauka reglugerðarinnar og kröfur í fyrrgreindum leikfangastaðli. Í ljósi þess að saumar boltans geta rifnað, er enn ríkari skylda til þess að vara við hættum sem geta stafað af notkun leikfangsins. Einnig liggur ekki fyrir hvaða plastefni er í boltunum og að mati Neytendastofu því ekki unnt að útiloka að efnið geti valdið börnum hættu.

Þá var öðrum merkingum einnig ábótavant á boltunum. Báru þeir ekki merkingar um framleiðslunúmer, eða annað auðkenningarnúmer, auk þess sem engar merkingar um nafn eða heimilisfang innflytjanda var að finna á leikfanginu, en um það er gerð krafa í 3. og 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Gögn sem hafa verið lögð fram í málinu hafa ekki sýnt fram á samræmi leikfanganna við lög nr. 134/1995, reglugerð nr. 944/2014 og leikfangastaðalinn ÍST EN 71.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefndar vörur uppfylli ofangreind skilyrði varðandi framleiðslu og markaðssetningu leikfanga telur Neytendastofa að ekki hafi verið sýnt fram á öryggi boltanna. Því teljast boltarnir sem NOVA bauð fram á markaði ekki öruggar vörur í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 135/1995. NOVA hefur því brotið gegn ákvæðum 3. gr., 9., og 16-19. gr. reglugerðar nr. 944/2014 og því ekki uppfyllt skyldur framleiðanda samkvæmt reglunum. NOVA hefur einnig brotið gegn 14. gr. reglugerðar, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014, með því að bjóða fram á markaði bolta sem báru ekki fullnægjandi merkingar og voru ekki CE-merktir. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr. sömu laga, og reglugerðar nr. 944/2014, að banna hér með alla sölu og afhendingu á NOVA boltum.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.



#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

„NOVA, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, hefur boðið fram á markaði leikföng sem ekki geta talist örugg í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. NOVA hefur því brotið gegn ákvæðum 3. gr., 9., 10. 14 og 16-19. gr. reglugerðar nr. 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu og því ekki uppfyllt skyldur framleiðanda.

Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er bannað að selja og afhenda NOVA bolta, sem enn kunna að vera til á lager hjá fyrirtækinu. Sjá myndir í fylgiskjali.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu skal NOVA ennfremur innkalla vöruna og með opinberri tilkynningu til neytenda, birta viðvörun um að þeir skuli skila eða eyða vörunni á öruggan hátt.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa, 12. desember 2018

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir